

samkvæmt N. L. 1—4—34 og dæma stefnda ómaksbætur hjá áfrýjanda 6 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Ólafur Theodórsson greiði stefnda Thor Jensen fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. 6 kr. í ómaksbætur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 55/1909:

Sigurður Finnbogason
gegn

Sigfúsi Sveinssyni fyrir hönd
verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi Sigfús Sveinsson vegna verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur á Nesi í Norðfirði fyrir aukarétti Suðurmúlasýslu gegn áfrýjanda Sigurði bónda Finnbogasyni á Stöðlum, til greiðslu á verzlunarskuld, og var málið dæmt í nefndum rétti 18. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða verzlun Þorbjargar Runólfsdóttur 736 kr. 54 aur. með 5 % ársvöxtum frá 16. marz f. á. til borgunardags; nokkur ummæli í varnarskjölum áfrýjanda voru dæmd dauð og ómerk en málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandi, Sigurður Finnbogason, skotið til

yfirdómsins með stefnu dags. 3. desember f. á. og hefir hann stefnt Sigfúsi Sveinssyni sem sjálfstæðum varnaraðila, en eftir málsfærslunni við yfirdóminn má þó líta svo á, að málsaðilar séu hinir sömu og við aukaréttinn. Fyrir yfirdómi krefst áfryjandi þess, að dómnum verði með eða án heimvísunar hrundið og breytt þannig, að hann verði syknaður af kröfum stefnda, gegn því að greiða honum 384 kr. 78 aur., eða til vara, að krafa stefnda verði færð niður í þessa upphæð, ef áfryjandi synjar fyrir það með eidi, að vextir hafi verið áskildir í undirréttarskjali nr. 5 þegar hann skrifaði nafn sitt undir það, og að hann hafi tekið við andvirði fyrir fisk, er hann lagði inn í verzlun stefnda 14. og 22. sept. 1903, samtals 111 kr. 37 aur. Svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst þess af annari hálfu, að aukaréttardómurinn verði staðfestur að öllu leyti, og áfryjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Af dómsupphæðinni, kr. 736,54, gjörir áfryjandi, svo sem þegar er sagt, engan ágreining um kr. 384,78, en mismuninn, kr. 351,76, telur hann ranglega af sér krafinn, og neitar að borga hann. Þessi vefengda upphæð er nú ekki sundurliðuð svo, að fyllilega verði séð, hvað í henni felst, en eftir málsfærslu áfryjanda verður að ætla, að í henni séu aðallega fölgendir þessir póstar:

1. oflagt talið verð á saltfiski í viðskiftareikningi frá stefnda í júlí og septemberm. 1903 kr. 54,90
2. vantalinn fiskur frá áfryjanda s. á. fyrir . — 111,37
3. úttekt oftalin í sama reikningi um . . . — 0,17
4. gamlir vextir fram að árinu 1903 ranglega taldir — 75,00

5. vextir 1907 og 1908 ranglega taldir . . — 84,28

Eru þá eftir af hinnri vefengdu upphæð kr. 26,04, sem ekki er gjörð grein fyrir, og eigi verður séð, hvernig stendur á, og geta þær því eigi komið til frádráttar frá kröfu stefnda.

Kröfu sína um hærra fiskverð í júlí og september 1903 og þar af leiðandi lækkun á skuldakröfu stefnda um kr. 54,90 byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi auglýst fiskverð við verzlun sína í júnímánuði það ár, en eigi aðvarað áfrýjanda um, að verðið lækkaði síðar; hafi hann tekið þegjandi á móti fiski áfrýjanda í júlí og september og sett á hann lægra verð en auglýst var, svo að mismunurinn nemi greindri upphæð, enda sé þetta niðursetta verð lægra en alment gangverð hafi verið annarstaðar þá um sumarið. En þó að stefndi hafi auglýst verðlag á fiski í júnímánuði 1903, var honum frjálst að breyta því, án þess að gefa út nýja auglýsingu um það, en það var áfrýjandans sök, áður en hann lagði inn vöruna, að grenslast eftir, hvort verðið stæði enn óbreytt, eða hvort hann fengi það verð fyrir hana, sem honum líkaði. Áfrýjandi hefir eigi heldur sannað það, að verðið, sem stefndi reiknaði honum á umræddum fiski, hafi verið lægra en alment gjörðist annarstaðar, en það er ómótmælt, að aðrar verzlunir á Norðfirði hafi eigi í júlí og september 1903 greitt hærra verð fyrir saltfisk en stefndi. Það er eftir þessu engin heimild til að færa kröfu stefnda niður um áminstar kr. 54,90.

Það er sannað og viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hafi lagt inn í verzlun stefnda 1903, 14. september, 250 pd. af smáfiski og 22. s. m. 128. pd. af þorski, 230 pd. af smáfiski og 192 pd. af ýsu og að ekkert af þessum

fiski sé tilfært í viðskiftareikningi áfryjanda við verzlunina það ár. Andvirði þessa fiskjar telur áfryjandi samtals 111 kr. 37 aur., er hann krefst að dregnar verði frá kröfu stefnda. En eftir skýrslu stefnda var þessi fiskur borgaður með peningum út í hönd við móttöku hans, og ekki færður í reikning áfryjanda, og hafa þessar greiðslur verið færðar inn í gjaldabók og vigtarbók eða þurfisksbók verzlunarinnar 14. og 22. september 1903. Áfryjandi neitar því að sönnu eindregið, að hann hafi fengið neina borgun fyrir þennan fisk, en eftir atvikum verður ekki litið svo á, að skýrslu stefnda sé hrundið með þessum mótmælum, og kemur í því tilliti einkum til álita, að það sést eigi, að áfryjandi hafi hreift neinum útásetningum á reikninginn við stefnda fyr en eftir að mál þetta var höfðað, því þó að hann hafi lagt fram í málinu athugasemdir, dags. 8. febrúar 1904, við reikninginn 1903, og þar meðal annars talið oflitið tilfært fiskinnlegg fyrir kr. 42,35, þá er því ekki haldið fram af hans hálfu, að hann hafi borið þessar afinslur upp við stefnda og krafist leiðréttingar á reikningnum samkvæmt þeim, og eftir það fekk hann á hverju ári reikning frá verzluninni, án þess að þetta væri leiðrétt og án þess hann fyndi að því. Að svo vöxnu máli þykir eiga að taka til greina skýrslu stefnda um þetta málsatriði og mótmæli hans gegn því, að áminstar kr. 111,37 verði dregnar frá kröfu hans.

Þá telur áfryjandi úttekt í reikningnum 1903 oftalda um 17 aura. Af reikningnum samanbornum við úttektarseðil 4. júlí s. á. sést það, að úttektin er í reikningnum talin 17 aur. hærri en á seðlinum, en aftur eru 7 aur. vantaldir við samlagning á seðlinum, svo að mis-

munurinn verður 10 aur., sem ber að draga frá kröfu stefnda.

24. febrúar 1903 gjörði áfrýjandi borgunarsamning við verzlunina um skuld sína, sem þá var kr. 1080,70. Í þessari upphæð voru fölgir vextir frá fyrri árum, kr. 126,37. Um leið og áfrýjandi gjörði samninginn, voru honum gefnir eftir eða lofað eftirgjöf á kr. 51,37 af þessum vöxtum. En áfrýjandi heldur því nú fram, að öll vaxtaupphæðin hafi verið ranglega tilfærð, hann hafi aldrei undirgengist að borga neitt af þessum vöxtum, en skrifað undir samninginn með þeim fyrirvara, að þeir væru allir feldir burtu, og verzlunarstjórinn, sem hann samdi við, hafi lofað sér að umgangast við verzlunareigandann, að það yrði gjört. Um þetta hefir verzlunarstjórinn borið það sem vitni, að hann hafi gefið áfrýjanda eftir gamla vexti, kr. 51,37, eins og reikningurinn beri með sér, og lofað honum að vera honum meðmæltur við húsbónda sinn, að hann fengi einnig eftirgefnar þær 75 kr., sem þá voru eftir af þessum gömlu vöxtum, en þegar vitnið talaði um þetta við húsbónda sinn, hafi hann ekki viljað sleppa vöxtunum. Þar sem áfrýjandi hefir eigi sannað það, að hann hafi viðhaft áðurgreindan fyrirvara, er hann skrifaði undir samninginn, en hinir umþrættu vextir hinsvegar voru taldir með í þeirri upphæð, er áfrýjandi með samningnum viðurkendi að skulda verzluninni samkvæmt réttum reikningi, verður hann eigi losaður við að greiða umræddar 75 kr., og krafa stefnda því eigi færð niður um þá upphæð.

Fyrgreindur borgunarsamningur var skráður á prentað eyðublað, og fyllti verzlunarstjóri stefnda, er þá var, í eyðurnar, en þar sem í samningnum eru ákveðnir 5 0/0

ársvextir af skuldinni og tölustafurinn »5« ritaður í þar til ætlaða eyðu fyrir framan merkið %, fullyrðir áfrýjandi að ekkert hafi verið ritað í þessa eyðu þegar hann skrifaði undir samninginn, enda hafi hann alls ekki boðið eða lofað að greiða vexti og ekkert verið um það samið. Áfrýjandi bendir og á það, að í viðskiftareikningum sínum við verzlunina 1903—1906 séu engir vextir tilfærðir, en 1907 séu vextir taldir 6% og 1908 8%, en þessar vaxtaupphæðir komi ekki heim við ákvæði samningsins, og stefndi hafi fært þær niður í 5% eftir að mál þetta var höfðað. Áfrýjandi krefst því, að vextirnir 1907 og 1908, samtals 84 kr. 28 aur., er hann sé ranglega skuldaður um, verði dregnir frá kröfunni.

Að því er snertir framburð áfrýjanda um, að vaxtatalan 5 ekki hafi staðið í samningnum, þegar hann ritaði undir hann, hefir greindur verzlunarstjóri borið það sem vitni, og staðfest með eiði, að hann muni fyrir víst, að það hafi orðið að samningi milli vitnisins og áfrýjanda, að hann greiddi 5% vexti af skuldinni, og hljóti því vitnið að hafa skrifað töluna 5 í skjalið á undan prósentumerkinu, og hefir vitnaleiðsla, er áfrýjandi lét síðar fram fara, eigi veikt gildi þessa vitnisburðar. Að öðru leyti skýrir stefndi svo frá, að hann hafi slept vaxtakröfum við skiftavini verzlunarinnar frá því er hann tók við henni og þangað til 1907, þó að hann hefði skrifleg vaxtaloforð þeirra, og auðvitað látið áfrýjanda sæta sömu kjörum í þessu efni. En haustið 1907 hafi hann talað við áfrýjanda um að skuld hans væri orðin nokkuð há; hafi áfrýjandi þá ætlað að fá lán í banka og borga sér skuldina; af því hafi þó ekki orðið, en hann hafi komið til sín og beðið sig um liðun á skuldinni, og sagt að

stefndi skyldi færa sér til vexti. Samkvæmt þessu hafi hann svo fært áfryjanda til vexti 1907 og 1908, 6% og 8%, eins og hann, stefndi, hafi galdið umboðsmönnum sínum, en þessa vexti hafi hann, eftir að til málsóknar kom, fært niður í 5%, til þess að þeir væru í samræmi við samninginn. Þessa skýrslu stefnda hefir áfryjandi eigi vefengt að öðru leyti en því, að hann kannast ekki við að hafa boðið eða lofað honum að greiða vexti. Staðhæfing stefnda ein getur nú eigi hnekt vaxtaákvæði samningsins, og með því að eigi verður litið svo á, að neitt sé fram komið í málinu, er styðji framburð áfryjanda um, að vaxtatalan hafi eigi verið innfærð í samninginn, þegar hann undirskrifaði hann, verður þetta málsatriði eigi látið koma undir synjunareid áfryjanda, eins og hann hefir krafist til vara, og verður þá vaxtaupphæðin, kr. 84,28, ekki heldur feld úr reikningi stefnda.

Eftir því sem að framan er sagt, verða úrslit málsins þau, að dæma ber áfryjanda til að greiða stefnda 736 kr. 55 aur. ÷ 10 aur. eða 736 kr. 44 aur., með vöxtum eins og ákveðið er í dómnum. Svo þykir og rétt eftir málavöxtum, að áfryjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 30 kr.

Um ómerking ummæla í varnarskjölum áfryjanda fyrir aukaréttinum á dómurinn að vera óraskaður, með því að eigi er krafist breytinga í honum að þessu leyti.

Það er aðfinnsluvert, að málskjölin nr. 7—57, sem lögð voru fram í aukaréttinum og urðu þannig eign hans, hafa eigi verið innfærð í dómsgjörðirnar, en lätin fylgja þeim til yfirdómsins, en þessi galli á afgreiðslu málsins frá undirréttinum, sem málsaðilar hafa ekki at-

hugað neitt við, þykir þó ekki eiga að valda frávisun málsins ex officio.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigurður Finnbogason greiði stefnda Sigfúsi Sveinssyni fyrir hönd verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur 736 kr. 44 aur. með 5% ársvöxtum frá 16. marz 1909 til borgunardags og 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Um ómerking ummæla í varnarskjölum áfrýjanda á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1910:

Oddur Gíslason
fyrir hönd John Willumsen
gegn
Guðmundi Egilssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, yfirréttamálaflutningsmaður Oddur Gíslason, í umboði John Willumsens í Kaupmannahöfn, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, Guðmundi Egilssyni kaupmanni í Reykjavík, til greiðslu á skuld að upphæð 255 kr. 22 a. ásamt vöxt-